

REGLUGERÐ

um brottfellingu reglugerða á sviði heilbrigðismála.

1. gr.

Eftirtaldar reglugerðir eru felldar brott:

Reglugerð nr. 25/1955 fyrir Gæzluvistarhælið að Gunnarsholti, skv. lögum nr. 55/1949, sbr. lög nr. 91/1953.

Reglugerð nr. 5/1968 um geislavarnir ríkisins, með síðari breytingum nr. 274/1981 og 445/1982, skv. lögum um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislataekjum nr. 95/1962.

Reglugerð nr. 142/1977 um heilsugæslu og félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem ekki dvelst í fávitastofnunum, skv. 14. gr. laga nr. 53/1967 um fávitastofnanir.

Reglugerð nr. 277/1977 fyrir Proskapjálfaskóla Íslands, með síðari breytingu nr. 256/1987, skv. 1. gr. laga nr. 12/1977 um breytingu á lögum nr. 53/1967 um fávitastofnanir og 3. gr. laga nr. 40/1985 um Proskapjálfaskóla Íslands.

Reglugerð nr. 225/1978 um heilbrigðismálaráð, með síðari breytingu nr. 439/1979, skv. 7. gr. 4. tl. laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu.

Reglugerð nr. 547/1982 fyrir Ljósmeðraskóla Íslands, skv. lögum um Ljósmeðraskóla Íslands nr. 35/1982.

Reglugerð nr. 595/1982 um áfengisvarnarnefndir, skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Reglugerð nr. 284/1983 um ráðstöfunarfé örorku- og ekkjulífeyrisþega á dvalarstofnunum, skv. 51. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um málefni aldraðra nr. 91/1982.

Reglugerð nr. 386/1985 fyrir Kópavogshæli, skv. 24. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, sbr. og lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

Reglugerð nr. 437/1985 um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá, skv. 7. gr. lyfjalaga nr. 108/1984.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. október 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundalóða í Hamrabrekku 9000-3060, Mosfellsbæ.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti 11. ágúst 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundalóðir í Hamrabrekku 9000-3060 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Í deiliskipulaginu felst að afmarkaðar eru þrjár lóðir fyrir 60 m² frístundarhús, 10 m² geymslu og 30 m² gróðurhús á hverri lóð.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 11. október 2005,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 10/2005 um framlengingu á fresti skattstjóra til að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda á menn 2005.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið með vísan til 120. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að framlengja þann tveggja mánaða frest, sbr. 99. gr. tilvitnaðra laga, sem skattstjórum er settur til að úrskurða þær kærur, er bárust fyrir lok kærufrests þann 29. ágúst sl. vegna þeirrar álagningar á menn, sem auglýst var lokið 29. júlí 2005, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu sem birt var þann dag.

Samkvæmt framansögðu framlengist ofangreindur frestur til 7. febrúar 2006.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 14. október 2005.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu reglugerðar nr. 175/1983 um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni.

1. gr.

Reglugerð nr. 175/1983 um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni sem sett var samkvæmt lögum nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála, fellur úr gildi. Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 11. október 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.